

FUNDARGERÐ

339. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 13. janúar 2023 í fundarsal sjóðsins að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð
2. Skipan starfshóps
3. Kælitæki
4. Kynningarmál
5. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Gunnar Dofri Ólafsson (GDÓ),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

BSB ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Fundargerð 338. fundar var samþykkt og hún verður hún send stjórn til rafrænnar undirritunar.
2. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að óska eftir tilnefningum tveggja aðila í starfshóp um viðmið vegna sérstakrar söfnunar, einum frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og hins vegar einum sameiginlega frá Félagi atvinnurekenda, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtökum iðnaðarins og SVP – Samtökum verslunar og þjónustu.

3. Ákveðið var að fela skrifstofunni að tryggja að starfshópurinn (2) hafi aðgang að starfsmanni, hvort sem hann verður aðkeyptur eða starfsmaður skrifstofunnar.
4. Ákveðið var að hækka endurgjald fyrir kælitæki í 130 kr./kg.
5. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að vinna tillögu að fjárhæð sem sjóðurinn leggur til verkefnisins Allan hringinn.
6. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að afla frekari upplýsinga vegna beiðni um styrk vegna umfjöllunar í sjónvarpi.
7. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að taka saman upplýsingar um magn rafhlaðna í almennum heimilisúrgangi.
8. Ákveðið var að næstu tveir fundir stjórnar verði haldnir 13. janúar 2023 kl. 09:00 og 3. febrúar 2023 kl. 10:00.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 09:03

1. Fundargerð

Fyrir fundinum lágu drög að fundargerð 338. stjórnarfundar Úrvinnslusjóðs. Gerðardrögin voru samþykkt og verður fundargerðin send stjórn til rafrænnar undirritunar.

2. Skipan starfshóps

Fyrir fundinum lág skjalið *F339 D02 Tillaga um starfshóp Úrvs.*

Stjórn ræddi málið. ÁKVEÐIÐ var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að óska eftir tilnefningum tveggja aðila, einum frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og hins vegar einum sameiginlega frá Félagi atvinnurekenda, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtökum iðnaðarins og SVP – Samtökum verslunar og þjónustu. Jafnframt var ákveðið að fela skrifstofunni að tryggja að hópurinn hefði aðgang að starfsmanni, hvort sem hann verður aðkeyptur eða starfsmaður skrifstofunnar.

3. Kælitæki

Fyrir fundinum lá skjalið *F339 D03 Tillaga um hækkun gjalds f. kælitæki.*

ÓK kynnti stjórn tillögu um breytingar á endurgjaldi fyrir kælitæki úr 97 kr./kg í 130 kr./kg ásamt forsendur tillögunnar.

Stjórn ræddi málið. Tillagan var SAMÞYKKT.

4. Kynningarmál

Fyrir fundinum lágu skjölin *F339 D04 10.1.23_Áætlun birtingarkostnaður_samræmd skilaboð*, *F339 D04 9.1.23_Allan hringinn lógó kynning*, *F339 D04 9.1.23_Samræmd skilaboð 4. fundur*, *F339 D04 Beiðni um styrk vegna sjónvarpsþátta*, *F339 D04 Skeyti UST Samræmd skilaboð* og *F339 D04 Úrvinnslusjóður kynningarmál*.

Guðlaugur Gylfi Sverrisson, rekstrarstjóri vörflokka á skrifstofu Úrvinnslusjóðs, var gestur á fundi stjórnar undir umfjöllun um dagskrárliðinn.

Guðlaugur kynnti stjórn tillögu Umhverfisstofnunar um upplegg og kostnaðarþátttöku vegna samræmdra skilaboða í úrgangsmálum með áherslu á hringrásarhagkerfið. ÁKVEÐIÐ var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að vinna tillögu að fjárhæð sem sjóðurinn leggur til verkefnisins.

Stjórn ræddi málið.

GDÓ yfirgaf fundinn kl. 10:20

Stjórn ræddi ósk um stuðning vegna umfjöllunar í sjónvarpi. ÁKVEÐIÐ var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að afla nánari upplýsinga um verkefnið.

5. Önnur mál

Fyrir lá skjalið *F339 D05 Erindi frá Landvernd um skilagjald á rafhlöður og stjórnarsetu*.

Stjórn ræddi erindi Landverndar. ÁKVEÐIÐ var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að taka saman upplýsingar um magn rafhlaðna í almennum heimilisúrgangi.

Stjórn ræddi afdrif plastúrgangs í Páryd.

Fleira var ekki gert á 339. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 10:50.